

Aðalfundur Hverfaráðs Lunda- og Gerðahverfis

Fundarstjóri: Óskar Þór Halldórsson

1. Kynning á störfum hverfisnefnda og umræður um helstu verkefni

Fundarstjóri kynnir að breyta þurfi frá reglum um aðalfund þar sem stjórn Hverfaráðs Lunda- og Gerðahverfis sé ekki til.

Fundarstjóri óskar eftir fundarritara, Arnheiður Jóhannsdóttir tekur það að sér og er sú tillaga samþykkt.

Fundarstjóri kynnir að ekki sé til skýrsla stjórnar vegna fyrrgreindrar ástæðu.

Fundarstjóri kynnir hlutverk hverfisnefnda og fær tengilið bæjarins til að fara yfir það með sér. Dagný Magnea Harðardóttir frá Akureyrarbæ er mætt á fundinn og vísar í samskiptin sem kynnt eru í samþykktum hverfisnefnda. Dagný er tengiliður hverfisnefnda en formleg erindi þurfa að fara réttar boðleiðir. Fulltrúar hverfisnefnda mæta á fund Stjórnsýslunefndar í október. Skipulagsnefnd ber að senda hverfisnefnd upplýsingar um skipulagsmál.

3. liður að gjaldkeri kynni reikninga ofl. fellur niður þar sem starfsemi hefur ekki verið í gangi hjá hverfisnefndinni. Engar lagabreytingar koma fram. Umræður um að lög hverfisnefndarinnar séu ekki m.v. nýjustu samþykktir um hvefisnefndir þ.e. varðandi fjölda varamanna. Lögð er fram tillaga um að það afbrigði verði gert að fundurinn leggi til að kjörnir verði 2 varamenn og er tillagan samþykkt.

2. Kosning nýrrar stjórnar, 5 manns í stjórn og 2 varamenn

Óskað er eftir framboðum til stjórnar Hverfaráðs Lunda- og Gerðahverfis. 8 bjóða sig fram, Hrafnhildur Ólafsdóttir, Gestur Geirsson, Svala Björnsdóttir, Þorberg Þ. Þorbergsson, Guðjón Ingvi Geirmundsson, Elvar Sævarsson, Arnheiður Jóhannsdóttir og Gígja Ívarsdóttir sem er fjarverandi.

Frambjóðendur kynna sig og er gengið til leynilegra kosninga.

Atkvæði telja Óskar Þór Halldórsson og Dagný Magnea Harðardóttir og voru eftirfarandi kosnir:

Guðjón 14 atkv.

Þorberg 13 atkv.

Svala 12 atkv.

Gígja 11 atkv.

Elvar 10 atkv.

Til vara eru Arnheiður 9 atkv. og Gestur 7 atkv. Hrafnhildur fékk 4 atkv.

Stórnin mun skipta með sér verkum á fyrsta fundi.

3. Önnur mál

Hrafnhildur óskar nýrri stjórn velfarnarðar og biður um að hún vinni að hag allra íbúanna, að ekki verði aðeins unnið að einu máli.

Óskar beinir því til nýrrar stjórnar að taka upp við Akureyrarbæ umferðarhraða við Skógarlund.

Umræður eru um tengingu við Brálund og óskað eftir að hverfisnefnd skoði málið.

Umræður um þörf á undirgöngum við Lundarskóla.

Umræður um að hverfisnefnd vinni með foreldrafélagi í Lundarskóla.

Almennar umræður um umferðarmál, framkvæmdir og útfærslu á Dalsbraut.

Fyrirspurn hefur verið send á Akureyrarbæ varðandi það að taka út lóðir fyrir framkvæmdir, hver eigi að sjá um það. Óskað er eftir að hverfisnefnd taki þetta upp við bæinn og sendi inn formlega fyrirspurn svo svör fái.

Almennar umræður um störf hverfisnefnda og mikilvægi reglulegrar upplýsingagjafar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.